

Áætlun

156

um ferðir póstgufuskipanna milli Kaupmannahafnar, Leith (Granton), Færeyja og Íslands.
1879.

Frá Kaupmannahöfn til Íslands.

Nafn skipsins.	Fer frá Kaupmannahöfn.	Fer í fyrsta lagi frá:					Á að koma til Reykjavíkur.
		Leith, Granton.	Trangisvaag.	Þórshöfn.	Eskifirði,	Seyðisfirði.	
Phönix	1. marz 9 f. m.	5. marz	7. marz	15. marz
Phönix	17. apríl 9 f. m.	21. apríl	23. apríl	29. apríl
Díana	15. maí 9 f. m.	19. maí	21. maí	22. maí	23. maí	25. maí ¹	4. júní ²
Phönix	27. maí 9 f. m.	31. maí	2. júní	8. júní
Phönix	7. júlí 9 f. m.	11. júlí	13. júlí	18. júlí
Díana	4. ágúst 9 f. m.	8. ág.	10. ág.	11. ág.	13. ág. ³	21. ágúst ⁴
Phönix	17. ágúst 9 f. m.	21. ág.	23. ág.	28. ágúst
Phönix	26. sept. 9 f. m.	30. sept.	2. okt.	11. oktbr.
Phönix	8. nóv. 9 f. m.	12. nóv.	14. nóv.	22. nóvbr.

Frá Íslandi til Kaupmannahafnar.

Nafn skipsins.	Fer frá Reykjavík.	Fer í fyrsta lagi frá:					Á að koma til Kaupmannahafnar.
		Seyðisfirði.	Eskifirði.	Þórshöfn.	Trangisvaag.	Leith, Granton.	
Phönix	23. marz 3 e. m.	26. marz	29. marz	6. apríl.
Phönix	6. maí 3 e. m.	9. maí	12. maí	19. maí
Phönix	17. júní 3 e. m.	21. júní	24. júní	29. júní
Díana	5. júlí ⁵	12. júlí	12. júlí	14. júlí	15. júlí	17. júlí	23. júlí
Phönix	27. júlí 3 e. m.	31. júlí	3. ág.	8. ágúst
Phönix	5. sept. 3 e. m.	9. sept.	12. sept.	17. sept.
Díana	20. septbr. ⁶	23. sept.	24. sept.	25. sept.	27. sept.	5. okt.
Phönix	18. okt. 3 e. m.	21. okt.	24. okt.	31. okt.
Phönix	29. nóv. 3 e. m.	2. des.	5. des.	13. des.

1) Þar næst norðan um land á Vopnafjörð 25. maí, Akureyri 27., Skagaströnd 27., Ísafjörð 29., Flateyri 29., Þingeyri 30., Bíldudal 30. maí, Stykkishólm 1. júní.

2) Þá hringferð norðan um land frá Reykjavík 15. júní, Stykkishólmi 15., Vatneyri 16., Bíldudal 16., Þingeyri 16., Flateyri 17., Ísafirði 19., Skagaströnd 19., Sauðárkrók 20., Akureyri 22., Húsavík 22., Vopnafirði 23., Seyðisfirði 25., Eskifirði 25., og þá sunnan um land aptur í Reykjavík 30. júní.

3) Þaðan norðan um land á Húsavík 13. ágúst, Akureyri 15., Ísafjörð 17., Þingeyri 17., Stykkishólm 18.

4) Þá hringferð frá Reykjavík 28. ágúst sunnan um land á Eskifjörð 30. ágúst, Seyðisfjörð 1. septbr., Vopnafjörð 1., Húsavík 2., Akureyri 4., Sauðárkrók 4., Skagaströnd 4., Ísafjörð 6., Flateyri 6., Þingeyri 6., Bíldudal 7., Vatneyri 7., Stykkishólm 8., og aptur til Reykjavíkur 13. sept.

5) Þaðan norðan um land að Stykkishólmi 5. júlí, Þingeyri 6., Flateyri 6., Ísafirði 8., Akureyri 10., Vopnafirði 10.

6) Þaðan sunnan um landið til Seyðisfjarðar.

a. Burtfarardagur skipanna frá Kaupmannahöfn og Reykjavík er fast ákveðinn; en við millistöðvarnar eru tilteknir dagar þeir, er skipin mega leggja af stað þaðan í fyrsta lagi; en ferðamenn verða að vera við því búnir að það verði síðar. Gangi ferðin vel, getur verið að skipin komi til Reykjavíkur og Kaupmannahafnar nokkrum dögum fyrr en hjer segir; en það getur líka orðið síðar, svo sem auðvitað er. Viðstaðan á milli-stöðvunum er höfð sem stytzt, og verður því að eins komið á þær, að veður og vindur leyfi.

b. Phönix kemur við í Leith, en Díana í Granton.

c. Phönix kemur við á Vestmannaeyjum í hverri ferð, ef því verður við komið. Auk þess bregður Phönix sjer til Hafnarfjarðar í hverri ferð, eptir að hann er kominn til Reykjavíkur.

Hinn 25. nóvember 1878.